

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1965

6. maí 1965.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um lönd er gert hafa gagnkvæma samninga við Ísland um afnám
visumskyldu fyrir ferðamenn.

Með auglýsingu þessari er birt skrá um lönd, sem gert hafa gagnkvæma samninga við Ísland um afnám visumskyldu fyrir ferðamenn miðað við 2—3 mánaða dvöl:

Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk (afnám vegabréfa), Finnland (afnám vegabréfa), Frakkland, Gambia, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Jamaica, Júgóslavía, Kanada, Kenya, Kýpur, Luxemborg, Malajaríkin, Mónakó, Noregur (afnám vegabréfa), Portúgal, San Marínó, Sierra Leona, Spánn, Sviss, Svíþjóð (afnám vegabréfa), Tanganyika, Trinidad og Tobago, Túnis, Tyrkland, Uganda, Zambia, Zansibar, Þýzkaland (Vestur-).

Auk ofangreindra landa þurfa Íslendingar ekki vegabréfsáritun til eftirtalinna brezkra nýlendna og landssvæða:

Suður-Ródesíu, Aden, Bahamas, Barbados, Basutoland, Bechuanaland (Protectorate), Bermuda, Brezka Guiana, Brezka Honduras, Brunei, Cayman eyjar, Falkland eyjar, Fiji, Gibraltar, Leeward eyjar: Antigua, St. Kitts-Nevis, Montserrat, Virgin eyjar. Mauritius, St. Helena, Seychelles, Swaziland, Turks og Caicos eyjar í Vestur-Kyrrahafi: Gilbert og Ellice eyjar, Brezku Solomon eyjar. Windward eyjar: Dominica, Grenada, St. Lucia, St. Vincent.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. maí 1965.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

22. júní 1965.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um samning um Alþjóðahafrannsóknarráðið.

Hinn 12. september 1964 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur um Alþjóðahafrannsóknarráðið.

Gildistaka samningsins er háð fullgildingu og var fullgildingarskjal Íslands afhent danska utanríkisráðuneytinu hinn 4. desember 1964.

C 1